


million

# Ífjöldar

TÍMARIT UM LÍFSAMBÖND VIÐ AÐRAR STJÖRNUR • 72 TBL. 15. ÁRG. APRÍL 1992.




Lífið á stjörnunum er vissulega uppgötvað.

Helgi Pjeturss

# Tvíburavetrarbrautin

(Sjá forsíðumynd)

Víða um geim má sjá vetrarbrautir sem ganga hver um aðra í tiltölulega lítilli fjarlægð og álíta stjörnufræðingar að stundum muni vetrarbrautir jafnvel rekast hver á aðra eða ganga hver inn í aðra. Hafa þeir verið með hugleiðingar um þær truflanir sem af þessu kynnu að hljótast fyrir einstakar stjörnur eða vetrarbrautir í heild.



**Pessi mynd sýnir tvær vetrarbrautir, tiltölulega nálægar hvor annari, en þó er fjarlægðin milli þeirra nægileg til þess, að aðdráttarkraftarnir aflaga ekki lögun þeirra að neinu ráði.**

**Þorsteinn Guðjónsson:**

## **Stilliáhrif frá Íslandi**

Í morgunfréttum 4. febr. var það haft eftir mjög háttsettum Rússia, að Íslendingar hefðu átt drjúgan þátt í falli Sovétríkjanna, og „þeir eigi eftir að iðrast þess“. Mér finnst fyrri hluti fullyrðingarinnar mjög athyglisverður, enda gagnstæður þeirri sterku trú sautjándualdarsinna, að ekkert sem máli skipti geti komið frá Íslandi. En nú er augljóst orðið, að sú trú stenst ekki; fáir hafa orðið áhrifameiri á gang alþjóðamála undanfarið en einmitt Íslendingar, og sér þetta hver sem ekki lokar augunum fyrir því. En það er mjög hættulegt að hafa slíkt áhrifavalð og þora ekki að kannast við það. Geri menn það ekki, er hætt við að þeir komist að því fullkeyptu, eins og Rússinn spáir.

Það eru stilliáhrifin frá Íslandi sem komu af stað hinum miklu breytingum í Austurevrópu, og Gorbatsjov var miðill þeirra áhrifa. Þetta segi ég í fáum orðum og án skýringa, því að ég vil ekki lengja málið. En hugsandi og athugull maður getur vel skýrt þetta fyrir sér sjálfur — um leið og hann minnist þess, að hann er íbúi stjörnu nokkurrar.

Fréttir Tímans af tilraunum trúflokks nokkurs til að afstýra óhljómleikum erlendra illmenna á Íslandi eru athyglisverðar, og þá einnig það að innlendir umboðsmenn hafa haft við orð að höfða mál gegn trúfloknum. Ég spái því að slíkt kærumál vinnist ekki, en hitt þykir mér síður en svo ósennilegt, að bænasamkomur geti haft áhrif. Þegar markmiðið er gott, getur góður árangur náðst, hvað sem trúarhugmyndunum líður. Það, sem árangrinum ræður, eru stilliáhrifin, og byggi ég allt mitt á því, að þar sé um eðlisfræðilegan raunveruleika að ræða. (Sbr. Kirlian-myndtækni o.fl.).


Það fer ekki framhjá neinum, að nýr stríðsundirbúningur er nú á ferð í Vestri. Hinar viðbjóðslegu pyntingamyn dir frá Persaflóa, sem Stöð tvö sýndi lengi í föstudagsfréttum (3.1.'92), úr skammti fengnum frá bandarísku sjónvarpsfyrirtæki, sem hinsvegar fékk sitt beint úr Fimmhyrningi, sýna, að verið er að búa menn undir „réttlátt stríð“. Það, að myndirnar sýna aðfarir Íraka, á að réttlæta samskonar aðfarir gegn Írökum. Stöð tvö hefur samning.

Eins og unnt var að steypa Sovétríkjunum með áhrifum frá Íslandi, mætti nú stöðva hið bandarísk-ísraelska árásarstríð á Írak, sem fyrirhugað er bráðlega. Láti enginn sér detta í hug, að það stöðvi útbreiðslu kjarnorkuvopna að hefja stríð, og grafa nokkur hundruð þúsund lifandi, eins og bandaríski herinn gerði í fyrra — og fór ekki mörgum sögum af — en einræðissegurinn fékk að sitja.

Hnötturinn, sem við byggjum, er í háska staddur. Íbúar milljóna hnatta hafa áhyggjur af honum. Öll verðandi hans er meira eða minna rangsnúin. Að vinna gegn hinum illu atburðum á þann hátt sem hér er lagt til, gæti jafnvel líkst því að ætla að ausa ljósi inn í hús Bakkabréðra. En þó ekki alls kostar. Góð stjarnhugsun og lífhugsun verkar eins og loftnet, sem nemur hinar bestu sendingar frá lífstjörnum, til þess helsjúka vesalings sem mannkynið hér á jörð er.

Tíminn, föstudagur 7. febrúar 1992.

## Stjörnur og líf



**Hnettir himins eru athyglisverðir fyrst og fremst fyrir lífið sem á þeim grær.**

**Ingvar Agnarsson:**

## Takmark öllu æðra

Eitt það sem allra mest ríður á, er að hér geti skapast sterkt afslvæði sameiningar og samstillingar. Mundi ekkert hafa eins gagnleg áhrif á þjóðlíf vort. En hvað er það sem einkum vantar, til þess að slíkt afslvæði gæti myndast? Þjóðina vantar sameiginlegt markmið, til að berjast fyrir, sameiginlegt merki til að fylkja sér undir, sameiginlega hugsjón til að vinna að hugsjón öllu æðri, hugsjón sem allir fengju áhuga á að bera fram til sigurs. — Takmark, sem svo væri mikilvægt og svo augljóst, að allir vildu fúslega skipa sér undir merki þess. Takmark öllu æðra.

Eigum vér Íslendingar ekki slíka hugsjón, slíkt markmið? Eða höfum vér aðeins ekki komið auga á það? Er sinnuleysi vort slíkt, að vér sjáum ekki og metum ekki það, sem best hefur verið borið fram, þjóðinni til heilla.

Ég álít, að slíkt markmið sé til, takmark, sem hefði í sér fólgιð allsherjar farseld, ef aðeins nógu margir ynnu af alþug að framgangi þess. Og hvert er þá þetta markmið? Það er, að ná fullkomnu lífsambandi við lengra komin mannkyn annarra stjarna og njóta þaðan mögnunar og líforku, meiri en enn er orðið.

Vegna skorts á öflugu lífsambandi við lengra komin mannkyn, stefnir hér til ófarsældar. Vegna þessa líforkuskorts er þjóðinni verr stjórnað en vera ætti, og verri lög samþykkt á Alþingi en vera þyrfti. Vilja og vit vantar til að hugsa rétt og gera rétt og þetta á ekki eingöngu við um ráðamenn þjóðarinnar, heldur og um hinn almenna borgara. Sundrung og ósamstilling er um of ráðandi á flestum svíðum þjóðlífsins og leiðir til síversnandi ástands.

Vist má telja, að sambandskraftur frá íbúum annarra stjarna sé hið eina sem dugað gæti til þess, að snúið yrði á rétta leið.


Hugsið sem flest til stjarnanna og til íbúa þeirra. Það er fyrsta skrefið. Hugsið ykkur að frá orkumögnum og kærleiksríkum íbúum þeirra sé þá mögnun að fá, sem ekki verður án verið, ef breyta á hér um stefnu. Því fleiri sem hugsa til stjarnanna og hins fullkomna lífs, sem þar mun víða að finna, því fyrr mun geta orðið hér breyting til batnaðar. Þá mun geta myndast hér lífaflsvæði þeirra, sem til stjarnanna hugsa, stutt sambandskrafti hinna fullkomnari stjarnbúa, sem vel munu fylgjast með öllum tilraunum manna til samstillingar og mannlífsbóta.

Verum samtaka tilraunum lífstefnumannkynja annarra stjarna til að leiða þjóð vora og mannkyn allt á rétta braut.

Hlýðum kalli hinnar æðstu veru. Styðjum hinn mikla mátt, svo snúið verði af þeim óheillavegi, sem nú er genginn.

*Mbl. 6. apríl 1989.*

## Stjörnur — heimkynni lífsins



Myndin sýnir Rósettu þokuna, en í nágrenni hennar er mikill fjöldi bjartra stjarna.

**Ingvar Agnarsson:**

## Vatnsflóð á Mars?

Sumar yfirborðsjarðmyndanir á Mars virðast benda til þess að þar hafi verið rennandi vatn í einhverri fortíð, þótt þess finnist engin merki, að þar sé vatn nú til dags. Á myndinni sjást nokkrir gígar, og svo virðist sem mikið vatnsflóð hafi streymt umhverfis þá. Gígbarmarnir munu vera úr harðara efni gerðir, og lítur út fyrir, að þeir hafi veitt vatnsflaumnum móttstöðu og staðist eyðingarmátt hans. Hinn þurri fljótsbotn sem nú umlykur gígana stóru virðist vera sléttur og fágaður. Þó má greina allmarga smágíga á þessu sama svæði og hafa þeir þá myndast af loftsteinum, sem fallið hafa eftir að allt vatn var horfið.

The Astronomer's Manual, (1988) bls. 47.



**Myndin sýnir dropa-löguðu „eyjarnar“ á Cryse-svæðinu á Mars.**

## Á miðilsfundi árið 998

Völuspá er innblásið kvæði, ort á miðilsfundi eða eftir fund, og tilgáta Sigurðar Nordals um að skáldið hafi skilað verki sínu í Haga á Barðaströnd sumarnótt eina árið 998, eða 999 er jafnskemmtileg og hún er sennileg. Og þó það væri nú ekki endilega þessi bær og atvikin þar sem gáfu kvæðinu umgjörð, virðist erfitt að ætla því annan aldur en þennan. Völuspá má kalla trúvarnarrit ásatrúarinnar gegn hinum aðsteðjandi kristindómi. Hún er innblásið rit — því hver yrkir svo nema í guðmóði — og að því leyti hliðstæð Sólarljóðum en miklu síður Passíusálmum og allra síst Lilju Eysteins, sem er kerfisbundin útlistun.

En hvað er það sem hægt er beinlínis að benda á sem rök fyrir því að kvæðið sé innblásið? Það er umfram allt þetta, að saga heimsins og goðanna er sögð, ekki í eigin nafni skálðsins, heldur völvunnar: „það man hún“, „sér hún það verða“, „nú mun hún sökkvast“ (og enn oftar). Þetta er aðaleinkenni. Skáldið er að segja frá því sem völvan veit (og þó einkum sér), ekki því sem hann veit sjálfur, þó fróður sé. Þetta hafa þeir vitað, sem best hafa kunnað um kvæðið að tala. En þó skal lengra haldið.

Menn hafa veitt því athygli að atburðasagan gerist í Völuspá öll í goðheimi, ekki eitt atvik er þar úr mannlegu lífi, örnefni eða mannsnafn, það er allt „hinum megin“, þarna sem sumir halda að alls ekkert sé, en aðrir gera sér hinar fráleitustu hugmyndir um, eins og andaheim, þunnt efni, 4.—11. vídd, goðheim, andefni, svart gat o.s.frv. „Peir eru komnir með nýjan andaheim,“ segir Sveinn Haraldsson

við mig í hvert skipti sem slíkt kemur upp. En hann er oftast nær á undan mér að taka eftir því.

En þarna „hinum megin“ er það sem völvunnar er að leita: skálðið sér hana í huga sér. Og svo er það sem kemur alveg heim við þessa tilgátu og fyrirfram mátti gefa sér eftir henni, að sumar vísurnar segja ekki aðeins „hún“ heldur einnig „ég“ (Ek) — og eru það sum máttugustu erindin „Ek sá Baldri blóðgum tívir ... örlög fólgin“. Sambandið verður svo náið milli skáldsins og sambandsgjafa hans, völvunnar, að um samvitund er að ræða: „ég er hún“.

Skálðið, sem orti Völuspá, var ekki aðeins á miðilsfundum, heldur var hann sjálfur miðill. Hann var karlkyns, en hann var samsála konu á öðrum hnetti, sem var vitni að og vissi skil á hinum geigvænlegustu viðburðum, sem þar voru að gerast, ragnarökum og „harmi Hlínar“ einum og öðrum, sem margt mætti um rita, en ekki verður reynt við hér. Fyrst er að vita það sem mestu máli skiptir, en það er að sambandið á sér stað. Hnettir farast með mannkynjum sínum, ef ekki er vitað, og þess vegna er völvunni svo mikið í mun við þá Barðstrendinga, þegar hún segir: „Vitið þér enn — eða hvað?“


## Enn nokkur orð

Að fást við „útmálun helvítis“ hefur ekki verið mín list hingað til, enda hygg ég að mönnum hafi farnast einna best hér á landi síðan þeir hættu að trúá á þann stað — en sú vantrú er talin hafa stafað mest frá þeim séra Matthíasi Jochumssyni og séra Páli Sigurðarsyni í Gaulverjabæ — báðum til hins hæsta heiðurs, ef rétt er. En þó að þagað hafi, hefur mér verið nokkru kunnugra um slíkt en látið hef uppi. Meðal hins allra helvítlegasta sem ég veit hér á jörð eru þessi kynferðisafbrot gagnvart börnum, sem manni skilst að Alþingi ætli að láta óátalín, með því að setja ekki þau lög sem nauðsynleg eru til þess að hindra slíkt. Ef þingmenn væru spurðir yrðu svörin líklega á þá leið að þetta sé ekki hægt, af því að ekki séu lög gegn slíku á hinum Norður-

löndunum. En þetta er engin röksemd. Vandi fylgir vegsemd hverri og ábyrgð fylgir þingmennskunni. Ég vildi geta óskað þingmönnum annars en þess að bera ábyrgð á lagaleysi sem þessu — þó svo að tíminn sé naumur og annirnar miklar.

Tíminn 20.02. 1992

## Hvirfing vetrarbrauta



Myndin sýnir Coma-vetrarbrautahvirfinguna, en innan hennar eru fjölmargar vetrarbrautir af ýmsum gerðum og últiti og af ýmsum stærðum. Fjarlaegð frá okkur er um 100 milljónir ljósára.

**Guðmundur G. Þórarinsson:**

## Nýalar

### Dr. Helga Pjeturss

**Útgefandi: Skákprent, með stuðningi Félags Nýalssinna**

Út er komin þriðja útgáfa Nýala Dr. Helga Pjeturss, ásamt ritgerðum og ýmsum greinum dr. Helga, alls 6 bindi.

Nafnið Nýall þýðir: hin nýju tíðindi. Dr. Helgi Pjeturss var fæddur í Reykjavík árið 1872, en lést í ársbyrjun 1949. Hann lagði stund á almenna náttúrufræði við Kaupmanna-hafnarháskóla. Hátt á annan áratug vann hann að jarðfræðirannsóknum og hlaut til þess styrki, m.a. úr Carlsberg-sjóðnum. Margir hafa talið dr. Helga einn af fremstu jarðví sindamönnum Íslendinga. Hér verða aðeins dregin fram ummæli Þorleifs Einarssonar, að Helgi Pjeturss sé „Nestor íslenskra náttúrufræðinga“.

— Dr. Helgi gerði grundvallaruppgötvanir í jarðfræði, og má í því sambandi nefna niðurstöðu hans að mikill hluti jarðmyndana Íslands ofan sjávarmáls sé frá kvarter-tímabilinu, en ekki frá tertíer eins og áður var talið.

Hann skipti ísoldinni í mörg ísaldarskeið og fann aðferð til þess að rekja ísaldarskeiðin.

Jafnframt var dr. Helgi meðal brautryðjenda við að vekja skilning á þróunarkenningu Darwins hér á landi. Var dr. Helgi á sínum tíma mjög sakadur um efnishyggju. Það hlýtur að verða umhugsunarefni fyrir þá sem Nýalana lesa.

Eigi að síður ritaði hann í nærfellt fjóra áratugi um hina nýju heimspeki og hafa sumir talið afrek hans á því sviði, sem birtast í Nýölunum, enn fremri árangri hans á sviði jarðvísinda, og er þá langt til jafnað.

## Draumar

Að loknu námi í náttúrufræðum fór Helgi í jarðfræðirannsóknaferð til Grænlands.

Í þeirri ferð fór hann að eiga erfitt með svefn. Það varð orsök þess að hann fór að velta fyrir sér gildi svefnins og eðli drauma. Hvað eru draumar? Hverjar eru orsakir þess að menn dreymir? Hvers vegna eru draumar eins og þeir eru?

Um þetta skrifaði Helgi í ritgerðum sínum á árunum 1900—1910.

Á þeim tíma, eins og reyndar nú, höfðu helstu sálfræðingar sett fram þá kenningu, að draumar eigi sér fyrst og fremst orsök og upphaf í manninum sjálfum, í undirmeðvitundinni.

Við rannsóknir sínar gerði Helgi margar skarplegar athuganir, sem virðast liggja í augum uppi, þegar mönnum er bent á þær, en hefur þurft mikla umhugsun til að finna. Stundum liggja einföldustu atriðin alls ekki í augum uppi. Þekkt er dæmið um hestinn. Horfi maður á hest út um glugga, sjá þeir hestinn, mynd hans. Augað framkallar áhrifin, myndina í heilanum. En setjist menn í stól og hugsi um hest, er hugtakið hestur í meðvitundinni, minningin um lit, stærð og vaxtarlag, en myndin er ekki til staðar. En sofni maðurinn í stólnum og dreymi hest, breytist skynjunin, hann sér hestinn, hann getur jafnvel fundið lykt af honum.

Að dreyma hest er að sjá hest, ekki að hugsa um hest.

Með samanburði draums og vöku kemst Helgi að þeirri niðurstöðu, að draumskynjun sé svipaðs eðlis og vökuskynjun.

Að dreyma gang er eins og að vera á gangi.

En Helgi hafði jafnframt veitt því athygli, að orðum og orðasamböndum skaut upp í huga hans án þess að hann væri að hugsa um þau eða meðvitund hans væri að fást við þau.

Honum fannst hann alls ekki eiga þessi orð né orðasambönd og umhugsun um þetta fyrirbæri beindi hug hans að því, að orðin væru komin frá öðrum, frá öðrum huga.

Þetta beindi honum inn á þá braut, að geti orðin komið annarsstaðar frá, frá huga annars manns, þá geti einnig draumar verið upplifun annars manns.

Undirstaða þeirrar kenningar eru auðvitað fjarhrif, hugsamband.

### Draumur eins er vökulíf annars

Kenningin um fjarhrif, hugsamband, telepatí er þannig eitt af undirstöðuatriðum Nýalanna. Margir hafa gerst talsmenn fjarhrifa, og um þau eru fjölmörg dæmi. Heimspekingurinn Schopenhauer á að hafa sagt um miðja 19. öld, að það að bera brigður á tilvist þessa fyrirbærис beri ekki vott um efahyggju eða varkární, heldur fáfræði.

Kenning Helga er einfaldlega sú að draumur eins sé atburður sem sé að gerast í lífi annars. Því talar hann um draumgjafa og draumþega. Og draumurinn draumþegans gerist alltaf samtímis því, sem draumgjafinn upplifir.

Boðin milli draumgjafa og draumþega kallar hann lífgeisla.

Sérhver draumur er þannig atburður sem er að gerast.

Við nánari athugun komst Helgi að því að draumsambönd eru ekki aðeins við menn í fjarlægum landshlutum eða annars staðar á jörðinni, heldur við draumgjafa á öðrum stjörnum.

Að þessari niðurstöðu komst Helgi með athugun á draumunum sjálfum.

Menn sjá skýrt í draumum fyrirbrigði, dýr og hluti, sem „eðlileg“ geta talist, en eiga sér þó enga stoð í „okkar heimi“, á okkar jörð, menn dreymir til dæmis mörg tungl á lofti eða tvær sólir. Sýnir sem auðveldlega mætti skýra, ef horft er á „himininn“ í öðrum sólkerfum, í öðrum vetrarbrautum.

Í Sturlungu segir frá draumi Eyjólfs Snorrasonar: „Hann þóttist sjá tungl svá mörg sem stjörnur á himni, sum full, sum hálf, sum meir eða minnr vaxandi ok þverrandi. Ok er hann undraðist þessa sýn, þá þóttist hann sjá mann standa hjá sér“.

Þannig hefur menn og dreymt stjörnumerki, sem ekki sjást héðan af þessari jörð. Og Helgi segir frá draum, þar sem fram kemur fugl alls ólikur öllum þeim fuglum er við þekkjum. Náttúrufræðingurinn sér þó, að fuglinn er allsendis „eðlilegur“, líffræðilega séð, og gæti verið til einhversstaðar í öðrum lífkerfum.

En berist slíkt lífsamband með lífgeislum stjarna á milli og draumur draumbega og upplifun draumgjafa eiga sér stað samtímis, vaknar enn á ný spurningin um hraðann og tímamann. „Ay, there is the rub“ lætur Shakespeare Hamlet segja, í frægustu orðræðu allra tíma.

Í kenningu Einsteins er það grunnforsenda, að ljóshraðinn sé mesti hraði sem unnt er að ná og sé honum náð verði massinn óendenlegur. Fjarlægðin til annarra vetrarbrauta, margra, er slík, að það tekur ljósið milljónir ára að ná til jarðarinnar.

Grunnforsenda kenninga dr. Helga í Nýölunum er því að til sé alhraði. Að unnt sé að hafa samband milli vetrarbrauta á engum tíma.

Að lífgeislar fari með alhraða sem sé slíkur, að hraði ljóssins verði sem hraði snigilsins, þegar borið er saman við alhraða.

Nú er það að vísu svo, að ýmsir eðlisfræðingar eru teknir að efast um að ljóshraðinn sé endamörk alls hraða.

Eðlisfræðingurinn J.S. Bell, við CERN kjarnarannsóknastofnunina í Sviss mun hafa varpað fram þeirri kenningu, að alhratt samband sé milli allra hluta alheimsins, að boð geti borist á engum tíma.

Stjörnufræðingar og eðlisfræðingar hafa varpað fram kenningum um kosmiskan tíma, sem er einskonar svar við kenningu Einsteins, um að tíminn líði mishratt, háð hraðanum.

Í þessu sambandi kemur fram hugmynd Stephens Hawking, höfundar bókarinnar Saga tímans, um þvertíma, tíma sem mældur er í þvertölu (imaginerum tölu, hluta komplexra talna) og tilraunir hans til að skýra þvertíma eðlisfræðilega.

Þannig kunna nútíma eðlisfræðivísindi að skjóta stoðum undir sumt í kenningum dr. Helga, er menn töldu áður unnt að varpa burt sem fjarstæðu.

Forsendur kenningar dr. Helga mætti e.v.t. telja þrjú meginatriði:

- 1) Fjarhrif, sem berast með lífgeislum.
- 2) Alhraði lífgeislaboðanna.
- 3) Líf á öðrum stjörnum.

Fleiri og fleiri aðhyllast þá skoðun, að líf hljóti að vera á öðrum stjörnum, í öðrum sólkerfum, í öðrum vetrarbrautum.

Með líkkindareikningi telja menn sig geta sannað það.

Hver áhrif það hefur á sköpunarsögu Bíblíunnar og lífs-skoðun kristinna manna, treysti ég mér ekki til að dæma um.

### Stilliáhrif

En svipað og með útvarpssendingar eru sendi- og móttökuskilyrði lífgeisla mismunandi.

Ef sending, utanaðkomandi, er veik, kallar það á rangtúlkun okkar eigin huga.

Takkinn á útvarpstækinu stillir útsendinguna, en móttaka lífgeislanna stillist af umhverfinu..

Í fróðlegum bæklingi Þorsteins Guðjónssonar. Líf er á öðrum stjörnum, þar sem hann skýrir kenningar dr. Helga í ljósi nýrra staðreynda, fjallar hann meðal annars um rangtúlkánir.

Þar segir Þorsteinn meðal annars: „Hann (Helgi) sýnir fram á lögmál rangþýðinganna, sem segir til sín í flestum draumum, og veldur því — vegna ónógrar samstillingar við draumgjafann — að margir draumar verða svo ruglingslegir sem raun ber vitni. Rangþýðingar eru í sjálfu sér ekki annað en sérstök tegund af missýningum, sem allar eiga undirrot sína í þeim höfuðmisskilningi draumþegans, að halda það vera sjálfan sig, sem er annar maður.

En lögmál rangþýðinganna taldi dr. Helgi alveg sérstak-

lega mikilvægt, því að þar var fundin óyggjandi sönnun þess, að draumsýnirnar eru ekki búnar til af huganum sjálfum Draumskynjanir snerta endurminningarnar, tengjast þeim þannig, að dreymandanum finnst þær vera kunnuglegar myndir — þangað til sambandið skýrist og missýningin eyðist“.

### „Draumheimur vor er hinn sami og andaheimur miðilsins“

Dr. Helgi rekur síðan hugmyndir sínar um draumana áfram og skapar heimsmynd.

Hann skýrir trúarbrögð, spíritisma og dulræna reynslu, dulræn fyrirbæri út frá kenningu um fjarhrif, telepati.

Miðillinn er í dásvefn. Í stað andaheims er miðillinn í trans, draumasambandi. Það samband er hinsvegar markvisst, því er stýrt, þar sem venjulegir draumar eru tilviljakanendir (sbr. stillilögjmál).

Uppruni trúarbragða, trúarupplifanir, að sjá sýnir, þetta skýrir dr. Helgi allt með kenningu sinni í Nýölunum sem hugsamband, og kemur þá að stjörnulíffræðinni, orð sem hann myndaði líklega langt á undan öllum öðrum.

Stefnurnar tvær hjá dr. Helga eru Lífstefnan og Helstefnan. Heimurinn er átakasvæði tveggja andstæðna. Jarðstjörnur skiptast í two aðalflokk, frumlífsjarðir og framlífsjarðir. Eftir dauðann sækja líkir líka heim. Þeir verri safnast saman á sumar stjörnur, en hinir betri á aðrar.

Móttökuskilyrði á okkar jörð eru fyrir boð frá báðum gerðum stjarna og því hefur hið illa talsverð áhrif.

En hið góða, guðirnir, reyna að beita áhrifum sínum til þess að bæta lífverurnar á öllum tilvistarstigum.

Tilgangur lífsins, hinn æðri, er að koma öllu lífi áleiðis til guðlegrar fullkomnunar. Tilgangur guðanna er að gera allt líf sem líkast sér.

Og enn er grunnur kenningarinnar: Eins og menn sá, svo munu þeir og uppskera.

## Nýalar — Félag Nýalssinna

Svo sem fyrr segir þýðir Nýall: Hin nýju tíðindi. Nöfn Nýalanna koma sumum spánskt fyrir sjónir. Fyrst kom Nýall. Síðan kom Ennýall — þ.e. enn einn Nýall — og Framnýall — framhaldið af Nýal. Síðan Viðnýall, þ.e. einn í viðbót. Síðan Sannýall, þ.e. sannindi birt, og síðast Pó-nýall, sem þýðir: samt enn Nýall. En í fyrstu hafði dr. Helgi ekki hugsað sér að rita fleiri Nýala en einn.

Með þessari útgáfu Nýalanna fylgir nú ritgerðasafn í tveimur bindum.


Félag Nýalssinna hefur starfað frá árinu 1950 eða í rúm 40 ár. Aðdragandinn að stofnun félagsins er frá síðustu æviárum um dr. Helga Pjeturss.

Eitt af fyrstu verkefnum félagsins var önnur útgáfa Nýalanna, en hún er nú uppseld og því hefur ný séð dagsins ljós.

Félag Nýalssinna hefur meðal annars haft á verkefnaskrá sinni útgáfu tímarita, og gefur nú út tímaritið Lífgeislar.

Kenningar dr. Helga Pjeturss munu um ókomin ár verða mönnum mikið umhugsunarefni.

Hygg ég að þeim sem vilja skilja hin dýpri rök tilverunnar sé ritsafn þetta kærkominn fengur.



Stjörnumerki þau, sem sólin gengur um á hverju ári.

# RIT Dr. Helga Pjeturss



**Nýall — Ennýall — Framnýall  
Viðnýall — Sannýall — Pónýall  
Valdar ritgerðir I og II**

**FRÁBÆRAR BÆKUR  
SEM ALLIR PURFA AÐ LESA**

**Nýalsrit Dr. Helga  
nytsöm eign á ny**

**Er þér kunnugt um — að framaður Íslendinga á fyrrí tilut hinnar viðurkenndu fræðgreiðsóknir á svefni, draumum og um þau efni rit, sem bæði voru og alþýðufólki.**

**Er þér kunnugt um — að með héldu, að hvergi væru reikistjókkar og hvergi líf nema hér, fram með vísindalegum rökum lífsins á ótal hnöttum.**

**Er þér kunnugt um — að díhyggjumaður í flokki vísindarþó afdráttarlaust hin “sálraen skýringa á eðli þeirra.**

**Er þér kunnugt um — að áður kom til sögunnar, hafði dr. Hugtökin lífgeislun og lífgeisluspessarar geislunar?**

**Er þér kunnugt um — að kískýrir ekki aðeins svefn og óskyggni, dásvefn, trúarreynslu, myndir manna um framhald lífis.**

**Er þér kunnugt um — að dr. H. sinnar — réttum helmingi lenast og fræða um þessi málefni, verða almennings-áhugaefni?**

**Er þér kunnugt um — að þegar á landi haldið fram, að man væru að komast á ystu nöf löingar og vísindamenn annarssum slíkt?**

# Helga — á nýjum tínum.

— að framsækinn raunvísinda-  
rri sluta 20. aldar fékkst, auk  
ræðgreinar sinnar, við rann-  
num og eðli lífsins, og skrifsaði  
eði voru ætluð vísindamönnum

— að meðan íhaldssöm vísindi  
reikistjörnur nema við sólinu  
na hér, hélt höfundur Nýals því  
rökum, að samband væri milli

— að doktor Helgi var efnis-  
vísindamanna, en viðurkenndi  
"sálraenu" fyrirbæri og leitaði

— að ádur en Kirlian-myndtæknin  
ði dr. Helgi myndað vísinda-  
lifgeislar og sagt fyrir um eðli

— að kenning doktors Helga  
fn og drauma, heldur einnig  
reynslu, og hinár ýmislegu hug-  
nhald lífsins og æðri veruleika.  
að dr. Helgi varði 38 árum ævi-  
ngi lennar — til þess að fræð-  
málefni, sem nú eru að nýju að  
gaefni?

— að þegar um 1920 var því hér  
að mannkynið og hnötturinn  
i nöf löngu ádur en heimspek-  
annarsstaðar fóru fyrst að tala

1. Nýall, 400 bls.
2. Ennýall og Framnýall, 484 bls.
3. Viðnýall og Sannýall, 322 bls.
4. Þónýall, 320 bls.

og nýtt ritgerðasafn eftir dr. Helga:

- A. Valdar ritgerðir I, 480 bls.
- B. Valdar ritgerðir II, 360 bls.

**Verð þessara sex bóka:**

**Kr. 26.000**

**Verð Nýalsritanna (4 bindi):**

**Kr. 18.000**

**Verð Valdra ritgerða I—II:**

**Kr. 10.000**

**20% afsláttur er veittur gegn staðgreiðslu.**

*Undirrituð/aður óskar að kaupa:*

6 bindi       4 bindi       2 bindi

Nafn \_\_\_\_\_

Heimilisfang \_\_\_\_\_

Póstnr./staður \_\_\_\_\_

Sími \_\_\_\_\_

*og óskar að greiða kaupin á eftirfarandi hátt:*

VISA     EURO     ANNAÐ: \_\_\_\_\_

PÓSTKR.     STADGR.     RAÐGR.: \_\_\_\_\_

KORT NÚMER: \_\_\_\_\_

GILDISTÍMI KORTS: \_\_\_\_\_

## SKÁKPRENT

DUGGUVOGUR 23  
PÓSTHÓLF 1179 — 121 REYKJAVÍK

---

## ERINDI OG GREINAR

---

(Framhald af bls. 53)

# Sagnir

## *Ingólfss Jónssonar frá Prestsbakka*

### Formáli

*Að beiðni vinar míns, Ingvars Agnarssonar ritstjóra Lífgeisla hefi ég sett hér á blað nokkrar frásagnir af sýnum og fyrirbærum sem hafa mætt mér á liðnum árum.*

*Vona ég að þær verði engum að ásteitingarsteinum en ég get ekki frekar en aðrir sem slíkt hafa reynt, útskyrt hvers vegna sýnirnar hafa borið fyrir mig en hér er þó fátt eitt nefnt af þeim.*

*Pess má geta að ég hefi einnig safnað dulrænum sögnum, sem ég hefti heyrt frá bernskualdri til þessa dags og hafa nokkrar þeirra birst í safninu Þjóðlegar sagnir og œvintýri sem Skuggsjá í Hafnarfirði gaf út árin 1975 og 1976.*

## Indíáninn

Snemma árs 1989 komu heim til míni tveir menn, þeir Ævar Jóhannesson og Anton Angantýsson. Þeir höfðu lengi unnið hjálparstörf fyrir sjúka og reynt að bæta mein þeirra með seyðum af íslenskum jurtum.

Erindi þeirra til míni var að biðja mig að reyna að ná sambandi við Indíána sem oft hefði birst Antoni og verið honum að mörgu leyti hjálparhella á erfiðum raunastundum.

Ég bauð þeim til sætis á skrifstofu minni og fljótlega varð ég var við Indíánann.

Indíáninn birtist mér sem eldri maður í eltiskinnsfötum skreyttum að mér sýndist og með arnarfjaðir í hári. Stórvaxinn maður með hvöss augu og bogið arnarnef.

Hann kvaðst heita Svarti-Haukur og hefði verið töfralæknir hjá ættbálki sínum Huronum í nánd við vötnin stóru í Norður-Ameríku.

Þegar honum mistókst að lækna dóttur höfðingja síns varð hann að flyja til að bjarga lífinu. Eftir mikla eftirför óvina sinna og margvíslegar hættur tókst honum að komast til Canada þar sem hann bjó síðan og stundaði lækningar og þar kynntist hann nokkrum Íslendingum.

Hann kvaðst eiga það erindi við mig að ég skyldi benda þeim Antoni og Ævari á Alaska-lúpínuna, sem yxi hér svo nálægt að ég sæi hana úr skrifstofuglugganum mínum. Með því að sjóða rætur lúpínunnar á vissan hátt mætti fá seyði sem Indiánar hefðu notað um aldir til að lækna illkynjuð innanmein og fyrirbyggja afleiðingar þeirra. Siðar bætti hann ýmsu við og benti á tvær íslenskar jurtir, skarfakál og hreindýramosa og bætti raunar þeirri þriðju við sem er fjallagras, en þau hafa öll ótrúlegan lækningamátt séu þau notuð á réttan hátt.

Brátt kvaddi Svarti Haukur og hef ég þó oft orðið hans var síðan.

Þeir félagar Ævar og Anton hafa farið að ráðum Indiánans og hefur vel til tekist því mér er tjáð að ýmsir hafi fengið bót meina sinna með hjálp lúpínunnar og annarra fyrr-nefndra jurta. Megi svo verða, því að sál þessa framliðna Indiána sem lifði hérvistarlífi í Norður-Ameríku á síðustu öld, kemur nú af heimkynni sínu í fjarlægu sólkerfi til að hjálpa okkur, sem hann virðist hafa tekið tryggðir við, ef til vill sakir þess, að hann kynntist Íslendingum í fyrra jarðlífí og hefur fallið þeir vel í geð.

---

## LJÓÐ

---

Ingvar Agnarsson:

# Askur Yggdrasils<sup>\*)</sup>

Mjötvíður<sup>\*\*) mær  
á mörk stendur,  
allra viða vænstur.  
Limar hans laufgir  
ljósheimum frá  
öðlast sína orku.</sup>

Lífsmeiður sá  
við lífsins brunn,  
skepnum öllum skýlir.  
Himnaguðir  
og heimsins börn  
eiga þar sín óðul.

Yggdrasill heitir  
ilmvíður sá,  
tignast tré í heimi.  
Limar hans  
um lífheim allan  
veita skjól og skýli.

Æðst er hann tré  
allra meiða,  
lífsins skjól og skjöldur.  
Öllum lýðum  
um alheims byggðir  
veitir hann mátt og magnan.

(Lb. Mbl. 4.3.1988)

<sup>\*)</sup> Askur Yggdrasils = tré lífsins

<sup>\*\*) Mjötvíður</sup> = tré sem setur heiminum mörk svo við sem limar þess og rætur greinast, þ.e. askur Yggdrasils. mjöt = merki.

**Freysteinn Gunnarsson:**

## **Stjörnuljóð**

Stjörnuljómi,  
loftsins blómi,  
leiftrandi blik frá himinsö lum,  
skín þú bjart yfir braut  
í dimmum jarðar dö lum.  
Svartir skuggar svífa  
hátt úr lágri laut.  
Blessuð stjarna í björtum geimi,  
breið þú ljós þitt yfir heimi,  
yfir skóg,  
yfir sjó,  
yfir firna fjöll.  
Stjarna heið,  
lýstu leið,  
sýndu þeim, sem rata í raunir,  
réttu leið.

*(Kvæði 1987)*

**Halla frá Laugabóli:**

## **Málrómur**

Málið er svo mjúkt og hreint,  
milt í öllum greinum,  
eins og komi alveg beint  
inst úr hjartans leynum.

*(Kvæði II)*

# Fjöllin fögru og ljósin ljómandi

(Stjörnusambandsstöðvarnar mörgu)

*Ekki er ólíklegt, að hér sé um að ræða samband við draumgjafa, sem rétt áður hefur dáið á frumlífshnetti sínum, en hefur nú verið að koma fram á öðrum frumlífshnetti, þar sem farið er að miða rétt til lífstefnuáttar, og möguleikar orðnir á, að taka á móti innflytjendum frá skemmra komnum mannkynjum.*

## I.

Ég var staddur í vinnuherbergi mínu heima 13. janúar 1992 kl. 6 e.h. Ég var ekki vel heill og hafði því verið heldur magnlítill þennan dag, eins og nokkra undanfarna daga. Ég hallaði mér nú fram á borðið um stund og var ekkert að hugsa.

Þar sem ég lá nú hér með höfuðið fram á hendur mínar, þá bar fyrir mig sýn þá (eða leiðslureynslu), er ég vil reyna að greina frá í nokkrum orðum.

## II.

### Draumleiðsla

Mér þótti ég staddur vera á sléttlendi nokkru, allstóru um sig á alla vegu, og var sem stæði ég á því miðju. Ekki tók ég eftir, að neinir væru hjá mér eða í nálæggð við mig. Það var líkast því, sem væri ég hingað kominn án eigin tilverknadar. En enga tilraun gerði ég til að skilja hversvegna ég væri hér, eða hvaða orsakir lægju til þess. Og alls engar endurminningar um fyrri dvalarstað virtust bæra á sér. Ég var

bara hér og allt, sem mér bar fyrir augu, vakti mér hrifningu og undrun og jafnvel því meiri, sem lengur leið frá upphafi draums.

Ég fór að líta í kringum mig og sá, að hálendi mikið var framundan mér alllangt í burtu, að baki láglendis. Ég snéri mér til allra átta og allt í kring var hliðstætt hálendi að sjá. Fór ég nú að veita öllu sem nánasta athygli.

Ég sá ekki betur, en að sléttan, sem ég stóð á væri sem næst því hringlaga og ef ég ætti að reyna að geta mér til um stærð hennar, hygg ég að hún hafi náð um það bil 20—30 km. út frá mér á alla vegu. Utan við sléttuna tóku við lágar ásar og smáhæðir en þar utan við hærri bungur og brattari hæðir. Bak við þetta hæðalandslag tóku við ávöl fjöll allhá (ámota og t.d. Úlfarsfell, Helgafell eða Grímannsfell, séð frá Reykjavík) og hækkuðu því fjær sem dró. En enn fjær risu svo brattari fjöll og svipmeiri, með bröttum hlíðum og háum tindum, og þessi tígulegu fjöll risu þannig hvert við annars hlið og hvert á bak við annað, hærri og hærri, fjær og fjær. Og þetta voru engin smáfjöll. Ég hygg að þau fjarlægstu sem sáust, hafi verið allmiklu hærri en allra hæstu fjöll á Íslandi, og fjarlægðin til þeirra frá miðri sléttunni varla minni en svo sem 50 km.

Ef ég reyni að gera samanburð á þeim og t.d. Skarðsheiðinni, eins og hún sýnist heiman frá mér að sjá — en hún blasir við frá heimili mínu í Kópavogi — þá finnst mér, að varla hafi þau fjarlægstu verið nær en þetta, heldur líklega fjær.

Heillaður horfði ég á þessa fögru sýn og þessi stórbrotnu fjöll. Á meðan á þessari athugun minni stóð, virti ég landslagið fyrir mér ekki aðeins til einnar áttar heldur á alla vegu, og sannfærðist um, að þessu var svo varið, í hvaða átt sem litið var. Þó er ég ekki frá því, held raunar með vissu, að í eina áttina hafi fjarlægstu fjöllin verið eitthvað lægri, en í hinar áttirnar þrjár. Og ég held að hæsti hluti fjallgarðsins, hafi verið beint andspænis þeim hluta hans, sem lægstur var.

Því tók ég eftir, að dálítið var skuggsýnt, eða líkt því sem farið væri nokkuð að bregða birtu, en þó ekki svo að spilti

útsýni, því mjög vel sást aðgreining hvers fjalls frá öðru, og fjarlægðarmismunur þeirra kom vel í ljós. Fjöllin virtust blána því fjað sem dró og þau fjarstu voru ljósblá að sjá, þar sem þau bar við fremur dökkan eða dökkbláan himin.

Einu tók ég eftir, sem ég undraðist og vakti mér heilabrot. Allvíða á tindum fjallanna, nær og fjað, mátti sjá stór, björt ljós, flest hvít. Þau sem nær voru, voru allmiklu bjartari að sjá en þau, sem fjaðst voru. Ekki taldi ég þessi ljós, en ég held, að varla hafi þau verið undir tuttugu samtals. Og þau voru hér og þar á öllum fjallahringnum allt um kring, mis-jafnlega þétt, e.t.v. einna þéttust á þeim hluta fjallgarðsins sem nokkru var hærri en annarsstaðar. Allstaðar virtist samt vera alllangt í milli þessara ljósa og hvergi voru tvö á sama fjallinu.

Ég hugleiddi mikið, hverskonar ljós þetta gætu verið og jafnvel, hver gæti verið tilgangurinn með þeim á svona afskekktum stöðum og óaðgengilegum eins og þessum háu fjöllum. En þó fannst mér, að einhverjir menn ættu hér hlut að máli og að það hlyti að hafa verið manna verk að koma þeim þarna fyrir. Með eigin hyggjuviti gat ég ekki fengið lausn á þessari ráðgátu, hvernig sem ég reyndi.

### III.

Þá var eins og aðsend skynjun (þó ekki sjónskynjun) bær-ist skyndilega heila mínum, og ég þóttist undireins skilja hvernig þessu væri varið. Það var sem mér æðri vera talaði til míni:


„Ljósin björtu á fjöllunum háu eru ekki bara ljós, heldur uppljómaðar byggingar. Og þessar byggingar eru flestar engin smáhýsi. Sumar þeirra eru sem veglegar hallir með mörgum turnum, sumar eru afarmiklar hvelvingar hring-laga. Og aðrar byggingar eru með annarri lögum.“ (en þær lýsingar eða hugsýnir, bárust mér ekki nágu skýrt.) „Frá öllum þessum byggingum stafa þessi ljós, sem þú hefur talið vera. Það er aðeins vegna fjarlægðarinna, sem þú sérð hin-ar björtu byggingar, hverja um sig, sem eitt ljós aðeins.“

Ég fór nú, í framhaldi af þessari vitneskju að hugsa um tilganginn, með þessum mikilfenglegu byggingum. Og svarið lét ekki á sér standa:

„Pessar byggingar eru allar reistar til **sambands við stjörnurnar**, til sambanda við lengra komna íbúa annarra stjarna. Í þessum byggingum koma menn saman víðsvegar að úr þessu landi og einnig víða að úr öllum heimi, frá öllum löndum heims. Venjulega er hér hver bygging fullsetin fólk, þegar efnt er til slíkra funda. Og enginn verður vonsvikinn. Hingað streymir æðri kraftur og magnar alla viðstadda. Og ævinlega koma hér fram guðlegar verur, geislandi og máttugar, svo allir hlaðast dýrðlegri orku.“

Ég þóttist spyrja: „Hvernig stendur á því, að svona margar stöðvar hafa verið reistar hér, á einu afmörkuðu landssvæði?“

Og svarið barst: „Í þessu landi var fyrst skilið eðli og nauðsyn stjörnusambanda. Þessi þjóð reisti fyrstu stöðina. Smátt og smátt fóru aðrar þjóðir að skilja mikilvægi þessara sambanda og nauðsyn þeirra. Þær tóku að reisa hér stöðvar í samvinnu og samráði við landsmenn. Í öðrum löndum voru einnig reistar stöðvar með góðum árangri. En þótt merkilegt kunni að virðast, þá náðist bestur árangur hér. Og



Hér sér yfir hluta hinna draumséðu fjalla, þótt auðvitað hljóti mikið að vanta á, að rétt sé teiknað.

það er í raun ekki svo undarlegt: Hér var forystuþjóðin í þessum málum. Hún skildi þetta mál fyrst og beitti sér fyrst fyrir samtökum. Það kom brátt í ljós, þegar farið var að reisa margar stöðvar hér á afmörkuðu landssvæði, að árangur hvírrar þessarar stöðvar um sig varð mun betri, heldur en þeirra einstöku stöðva, sem áður höfðu verið reistar hér og þar um lönd. Landslagið hér var líka mjög vel fallið til þessara hluta. Hús á háu fjalli, er betur fallið til stjörnusambanda, en á láglendi. Hér var það einnig hinn mikli sam-takamáttur margra þjóða á þessu afmarkaða landssvæði, sem úrslitum réði. Hér gat magnast sterkt, sameiginlegt aflsvæði sem gerði hinum lengra komnu mögulegt að koma sér enn betur við en ella.

Þeir sem að byggingum þessum stóðu, lögðu sig mjög fram, til þess að þær mættu verða sem allra fegurstar og glæsi-legastar. Hugvit þeirra sem fremst stóðu með hverri þjóð, fékk hér að njóta sín til fulls. Ekkert var til sparað. Fegurstu efni úr steinaríki hnattarins, hafa til þeirra verið notuð, hvar um lönd sem er. Og árangurinn leynir sér ekki. Nú vita allir íbúar þessarar jarðar hverju stefnt er að og hverju skal stefnt að. Þetta land er orðið „*farsælda frón*“ og raunar er svo um alla þessa jörð. Árangur er ekki eingöngu kominn fram á þessu afmarkaða sviði, heldur snertir hann einnig tæknina, sem hér hafði þróast. — Nú eiga menn kost á svo mikilli aðsendri orku, að þeir geta svifið. Þess vegna þarf t.d. ekki að komast með farartækjum upp á fjöllin, þar sem stöðvarnar standa: Nei, nú orðið geta menn svifið þangað upp. Allt líf þjóðanna á þessum hnetti er orðið gjörólikt því sem áður var, t.d. er mannúð allra ósambærileg orðin því, sem áður hafði viðgengist. Hún er, nú orðið, runnin hverjum manni í merg og bein, ef svo mætti segja.“

## IV Umsögn

Ýmislegt fleira mun sambandsgjafi minn hafa numið af þessum fjartalanda sínum, þótt ekki geti ég munað eða

kunni frá að segja.

Skynjunin hvarf mér að fullu og ég settist aftur upp. Ekki varð ég var við, hvorki að ég sofnaði í byrjun eða að ég vakn-aði, að lokinni þessari skynjun. En víst mun vera, að ekkert vissi ég um sjálfan mig meðan á þessu stóð. Þessi stund jafngilti því fullkomnum svefni eða öllu heldur leiðslu.

Það, sem ég skynjaði var ákaflega skýrt og ljóst, eins og draumur getur skýrastur orðið.

Mig langar nú til að reyna, að gera mér sem besta grein fyrir þessari skynjun minni.

Alveg tel ég víst að hér hafi verið um samband að ræða við aðra byggða jarðstjörnu í öðru sólhverfi, einhversstaðar í fjarlægðum geimsins. Um það ber vitni öll skynjun míni, því fátt er sambærilegt hér á jörð. Þarna mun vera um frumlifshnött að ræða (eins og er um okkar jörð) þar sem íbúum hefur tekist, að breyta um stefnu og eru nú komnir á örugga lífsins leið. Fjölmargar stjörnusambandsstöðvar hafa risið í mörgum löndum, víða um þennan fjarlæga hnött og einstaklingar og mannkynið í heild hafa hlotið af aukna magnan og blessun á öllum sviðum. Í landi frumherjanna hafa risið tiltölulega fleiri stöðvar en í öðrum löndum, og þangað sækir fólk úr öðrum löndum og öðlast við það aukinn kraft og þekkingu.

Nokkuð má það þykja athyglisvert við draumgjafa minn (leiðslugjafa, sýngjafa), að svo virðist sem hann sé hér öllu ókunnur. Hann undrast allt, sem fyrir augu ber og hann skilur ekki þau fyrirbæri, sem augum mæta, eins og ljósin björtu á fjöllunum, fyrr en honum berst að fjarhrifaleiðum, vitneskja um það, hvað hér er um að ræða. Það er því helst svo að sjá, sem þessi einstaklingur, sé ekki einn af íbúum þessa lands eða þessa hnattar.

Vinur minn einn og samherji, sem ég sagði draum minn, léti sér koma til hugar, að hér gæti verið um að ræða mann, nýdáinn á frumlífshnetti sínum og hefði hann komið hér fram (endurlíkamast) til varanlegrar dvalar á þessum hnetti, sem einnig væri frumlífshnöttur. Mundi nú hnöttur þessi fyrir tiltölulega skömmu vera farinn að taka á móti inn-

flytjendum frá skemmra komnum lífstjörnum.

Að skynja flutning manns við dauða, frá einum hnetti til annars (þ.e. til framlífshnattar), mun aftur á móti ekki vera með öllu óþekkt, og mig hefur t.d. eitt sinn fyrir alllöngu dreymt slíkan flutning og framkomu draumgjafa á framlífshnetti.

Hafi nú draumgjafi minn í framansögðum draumi (fjarsambandi) verið rétt nýfluttur til þessa staðar, þessa hnattar, frá frumlífshnetti sínum, þá hygg ég, að ekki hafi þekkingin, á þeim hnetti, á framlífsmöguleikum manna, verið almenn orðin, a.m.k. virðist draumgjafi minn hafa verið helst til ófróður, um eðli framlífs og þar með um náttúrufræðilegt eðli þess dvalarstaðar, sem hann nú var kominn á. Því allt virtist koma honum hér mjög á óvart, og hann undraðist mjög allt það, sem fyrir augu hans bar. En hann virtist vera fljótur að skilja eðli hlutanna hér, eftir að hugsamband komst á, milli hans og einhvers, honum ókunns, hnattbúa. Og þessi eiginleiki eða skerpa mannsins nýflutta, hefur einmitt orðið honum hjálp til að geta komið fram á þessum frumlífshnetti, þar sem hraðar framfarir í rétta átt höfðu þegar orðið.

Vínur minn, sem ég gat um hér að framan, gat þess einnig, að því hefði verið spáð af núlifandi vísindamanni einum, íslenskum, að jörð okkar ætti eftir að verða framlífshnöttur, þegar hér yrði breytt um og rétt stefna tekin til lífstefnuáttar. Þegar svo væri komið, yrði hér enginn endi farsældar öllum til handa.

Til mikils er því að vinna, að slík umskipti mættu takast á jörðu okkar og þá sem fyrst, áður en það verður um seinan.

(574)

Dreymt 13. janúar 1992  
(Leiðsludraumur. Leiðsluskynjun.)

---

## SAMBANDSFUNDIR

---

### Fyrir miðilsmunn 28. 10. 1991.

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Fram kom: Helgi Pjeturss.

Helgi Pjeturss.

Blessuð og sæl.

Margir framliðnir vinir senda ykkur kraft. Það er óskandi sem best takist til að þessu sinni samstilling fundarmanna svo allir geti notið góðra áhrifa magnanar nokkurrar, þá er takmarkinu náð. Það er ekki hugarburður að tala um orku-magnan á slíkum samkomum og orkuaðstreymi fjarrænt mjög. Jafnvel ljósgeislinn, þó hraðfara sé, megnar ekki að keppa þar við lífgeislann og fjarri því, hvað snertir að sigra þær óra vegalengdir, sem hér er um að ræða í geimnum. Það verður að hugsa sér lífið sem þann kraft, sem sigrar hinar svo ótrúlegu fjarlægðir hnattanna og vetrarbrautanna í milli.

Ekki er ég í minnsta vafa um fyrir mitt leytí, að lífsamband milli hnattanna er raunveruleiki. Þar sem opnast nýr og undursamlegur sambandsmöguleiki, alheimssambandsmöguleiki, ekki síður dýrðlegur en rafgeislinn eða aðrar orkutegundir hinnar líflausu náttúru. Má raunar segja, að lífgeislinn sé mun merkilegri í eðli en rafgeislinn, þó skyldleiki sé nokkur þar í milli. Vísindin eiga eftir að uppgötva lífaflið og rannsaka það eins og vert væri, þó ég telji mig að vísu hafa með mínum rannsóknum og uppgötvunum hafið þar þá forystu, sem nauðsynleg er í þessum eftir. Ef þeim uppgötvunum yrði sá gaumur gefinn sem skyldi af vísindamönnum, væri sigurinn unninn. Vonandi kemur að því fyrr en síðar.

Ekki þarf að taka það fram, að án þess sigurs vísindanna, er opni mönnum víðari sjóndeildarhring en nokkru sinni fyrr hefur náðst, eru litlar líkur til, að þetta frumlífsmann-

kyn, er jörðina byggir, geti komist á sanna framfaraleið eins og því er svo nauðsynlegt. En hvað í því felst, að mankynið komist á hina sönnu framfaraleið, er hvorki meira né minna en að komast af mannstiginu á guðstigið eða stefna í þá átt.

Þakka nú fyrir. Ég læt þetta útrætt í bili og hér mun Dungal taka við.

*Gunnar Hjörvar ritað eftir segulbandsupptöku).*

## Fyrir miðilsmunn 09. 09. 1991.

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Fram kom: Freyja og með henni Ásynjur aðrar nokkrar.

(Halldór Pétursson, rithöfundur):

Kona er hérna að koma til okkar ákaflega björt og glæsileg og ljómar af henni góðleikur og göfgi og fegurð. Þetta er ákaflega fögur vera og tignarleg. Hún segir okkur tíðindi og mælir í hendingum jafnvel sumt. Mun þetta vera Ásynja hin öflugasta. Hún hugsar til ykkar jafnframt. *Freyja* og með henni eru Ásynjur aðrar nokkrar, er birtst hafa hér og þær eru meira en lítið fagrar ásýndum og tignarlegar þessar göfugu gyðjur allar.

En þær hafa mikinn hug á að verða að liði gamla Íslandi og þeirri þjóð, er það land byggir, Íslendingum. En þannig bó að efla sérstaklega andlegt sjálfstæði og einurð og íslenska hugsun og málsnilld og efla viljann til að fylgja hinu rétta og sanna í vísindum og þekkingu. Þetta vona þær, hinar göfugu Ásynjur, að takast megi að koma fram í vaxandi mæli, guðlegri orku og visku og leiðsögn meðal jarðarbúa, þannig að birti upp í heimskunnar ríki fyrir ljósi viskunnar og sannleikans.

Jæja, þær biðja fyrir kveðjur til Íslendinga, ykkar, þeirra, sem hugsið nú til þeirra á Íslandi þessa stund.

*Gunnar Hjörvar ritaði eftir segulbandsupptöku.*

## Fyrir miðilsmunn 16. 9. 1991.

Miðill: Sveinn Haraldsson. Fram kom: Skallagrímur.

Grímur. Skallagrímur fornislenski talar.

Nú er íslenska þjóðin fornmönnum tengd ættarböndum og má ekki rjúfa þau bönd, heldur efla og styrkja ef þjóðinni á vel að farnast og þó það kunni að virðast ótrúlegt ýmsum, þá er sannleikurinn sá, að án trausts á forfeðrunum og formæðrunum verður þjóðin ekki fær um að gegna sínu hlutverki í mannkynssögunni. Það er ekki ætlun míni að ræða það nema að litlu leyti að þessu sinni. En án nægilegs trausts á forfeðrunum og formæðrunum mundi þjóðin ekki magnast nægilega og skorta afl til dáða og drengskapar og andlegs sjálfstæðis, mætti bæta við.

Ég tala frá eigin brjósti, ómyrkum orðum. Það er mikil birta yfir íslenskri fornöld. Enn meiri mun birtan verða yfir þjóðinni í framtíðinni þó, þegar henni fer að vaxa ásmegin og viska (fyrir) tilstyrk fornmannana og sjálfrá guðanna og það mun lýsa af landi og þjóð. Er svo að skilja, að íslenska þjóðin mun verða forystuþjóð mannkynsins til framfara og broska.

Það segi ég ekki ósatt ég var fyrr á tínum ekki ólíkur mörgum samtíðarmönnum mínum að því leyti, ég vildi láta að mér kveða. Þó ekki svo, að ég skaðaði menn tiltakanlega. En orka míni var þó nokkur og vilji til yfirráða af því tagi, en þó ekki til að kúga aðra. Það tel ég mér til tekna. Án þess ég geri mikið úr mínum afrekum og hæfileikum, þá held ég hugur minn að sumu leyti (hafi) ekki verið skaðlegur eða grimmlyndur. Margir eru til vitnis um ódrengskap og illvirki á þeim tínum en betra hugarfar hafi þó þrátt fyrir allt verið ríkara hinu lakara í þjóðareðlinu eða tengt því. Breytingar hafa orðið til batnaðar síðan og hugarfarið þroskast, menningin á margan hátt á hærra stigi. Með aukinni þekkingu hefur mannúðin vaxið.

Já, vil ég vona, að íslensk vísindi og þekking í framtíðinni geti aukið mannúðina enn meir, og þakka fyrir.

Verið sael.

Gunnar Hjörvar ritaði eftir segulbandsupptöku.

## Fyrir miðilsmunn: 02. 07. 1990.

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Fram kom: Agnar Jónsson.

Agnar Jónsson:

Ingvar.

Pabbi þinn.

Ingvar Agnarsson: Já, komdu blesaður.

Agnar: Heill og sæll og blesuð bæði.

Heilsa margir vinir og ættingjar hér. Biðja fyrir kveðjurnar til ykkar. Þannig að ég er bara boðberi.

Ingvar: Já, þakka þér fyrir.

Agnar: En sannleikurinn er sá, ekki er skortur vina og hjálpenda, þegar leitað er til sambands við framliðna með góðum hug og göfugum. Opnast þá heilladrjúg orkusambond er megna stundum að greiða mein, bæta úr böli.

Það eru margar *heilladísirnar í sjónmáli hérna*, er þið getið vænst af blesunar og styrks mikils.

Nú eru margir hér merkir menn á ráðstefnu í stórkostlegum sal og miklum að ræða horfur og ástand á jörðu ykkar. Eru vísindamenn og heimspekingar og andans menn ýmsir þar samankomnir frá ýmsum öldum og eru reyndar í heimsókn af enn öðrum hnöttum sumir þeirra á ráðstefnu þessari. En um það er ég ekki fær að tala mikið núna frekar.

En móðir þín, Ingvar, er með mér og hún er mikið að hugsa til þín, til ykkar beggja reyndar og fylgist með líðan ykkar og heilsu eins og ég. Mun ætla að reyna að styrkja ykkur á þann hátt, sem henni er unnt. Vill gera það, sem henni er mögulegt að styrkja ykkur í stríði og baráttu jarðlífsins.

En ætli ég láti nú ekki lokið þessum fátæklegu orðum og kveð ykkur með innilegum þökkum og heill ykkur öllum.

Blessuð.

(Gunnar Hjörvar ritaði eftir segulbandsupptöku).

# Til lesenda Lífgeisla

Nú er vorið að ganga í garð og óskum við öllum lesendum Lífgeisla og öðrum góðs gengis á þeim tíma sem í hönd fer.

Vor og sumar er öllum tilhlökkunarefni hið mesta, því þá batnar veður, slys og óþægindi af völdum ótíðar fara minnkandi, gróður jarðar tekur aftur að lifna og útivist allra verður auðveldari og ánægjulegri.

Jafnhliða batnandi veðurfari fer líka svo, að léttir yfir hugum okkar mannanna og við verðum glaðari og við eignumst „yndistundir nógar“.

Jafnhliða vaxandi gleði- og ánægjutilfinningu okkar mannanna, þá munu og batnandi lífsambönd við lengra komna vini á öðrum stjörnum eiga greiðari leið að sálum okkar.

Ekkert er það, sem okkur jarðarmönnum er eins áríðandi eins og aukin og efld sambönd við lífstefnumannkyn annarra hnatta í öðrum sólhverfum, þar em óáran öll, slys og sjúkdómar þekkjast ekki, en órofa farsæld allra er ríkjandi. Og vita megum við með vissu, að þessir lengra komnu vinir, beina hingað mjög orku sinni, í þeim tilgangi að leiða okkur brott úr þessum eymdadal, sem mannodyn okkar hefur svo lengi verið að villast í, yfir á sanna ljóssins leið. En til þess, að svo geti orðið, verðum við sjálf að lata okkur skiljast hvert er eðli lífs og lífsambanda og að frá lengra komnum vinum annarra hnatta getum vænst þeirrar hjálpar sem ein getur dugað til fullnaðar-björgunar. Breytt og bætt hugarfar sem flestra er það sem mest ríður á: samúð, mildi, hjálpsemi við menn og dýr en ekki hið gagnstæða. Við verðum sjálf að gerast virkir þáttakendur í þessu björgunarstarfi. Þeir sem tileinkað hafa sér hinn nýalska skilning á lífi og lífsamböndum, gætu t.d. reynt, meir en áður, að ræða um þessi mál við vini sína og kunningja, boðið þeim að gerast áskrifendur að Lífgeislum og jafnvel að kaupa og lesa Nýalana og aðrar Ritgerðir dr. Helga Pjeturss. Ritin er hægt að fá hvort heldur öll í einu lagi eða jafnvel eitt og eitt bindi út af fyrir sig. Sjá auglýsingu um þessi rit hér í blaðinu.

Hver nýr þáttakandi, hver nýr lesandi, er mikilvægur hlekkrur í hinni nýju sókn fram á við.

Verið svo öll kaert kvödd, með ósk um farsælt sumar.

Fyrir hönd Lífgeisla og Félags Nýalsinna

*Ingvar Agnarsson*

# Lífgeislar

Útgefandi: SKÁKPENT, Dugguvogi 23, Reykjavík, símar 91-31975, -31391, -31335, fyrir hond Félags Nýalssinna, Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765, Pósthólf 1159, Reykjavík  
 Ritstjóri: INGVAR AGNARSSON

## EFNISYFIRLIT

### ERINDI OG GREINAR:

|   |      |    |
|---|------|----|
| Tvíburavetrarbrautin                                  |      |    |
| (Sjá forsiðumynd,<br>einnig aðra á innsíðu) I.A. .... | bls. | 38 |
| Stilliáhrifin frá Íslandi                             |      |    |
| Porsteinn Guðjónsson .....                            | "    | 39 |
| Takmark öllu æðra. I.A. ....                          | "    | 41 |
| Vatnsflóð á Mars. I.A. (Með mynd) .....               | "    | 43 |
| Á miðilsfundi árið 998                                |      |    |
| Porsteinn Guðjónsson .....                            | "    | 44 |
| Nýalar Dr. Helga Pjeturss.                            |      |    |
| Guðmundur G. Þórarinsson .....                        | "    | 47 |
| Sagnir Ingólfss Jónssonar frá Prestbakka:             |      |    |
| 1. Formáli .....                                      | "    | 56 |
| 2. Indiáninn .....                                    | "    | 56 |

### AUGLÝSING:

|   |   |    |
|---|---|----|
| Kynning á Nýalsritum dr. Helga Pjeturss. .... | " | 54 |
|---|---|----|

### LJÓÐ:

|  |   |    |
|--|---|----|
| Askur Yggdrasils. I.A. ....              | " | 58 |
| Stjörnuljóð. Freysteinn Gunnarsson ..... | " | 59 |
| Málrómur. Halla frá Laugabóli .....      | " | 59 |

### DRAUMAR:

|  |   |    |
|--|---|----|
| Fjöllin fögru og ljósin ljómandi.<br>I.A. (með mynd) ..... | " | 60 |
|--|---|----|

### SAMBANDSFUNDIR:

|  |   |    |
|--|---|----|
| FYRIR MIÐILS MUNN. Miðill: Sveinn Haraldsson |   |    |
| Ritari: Gunnar Hjörvar                       |   |    |
| Helgi Pjeturss .....                         | " | 67 |
| Halldór Pétursson, rithöfundur:              |   |    |
| Freyja og með henni Ásynjur aðrar .....      | " | 68 |
| Skallagrímur .....                           | " | 69 |
| Agnar Jónsson .....                          | " | 70 |

### MYR:

|                                     |   |    |
|-------------------------------------|---|----|
| Stjörnur og líf (Stjörnumynd) ..... | " | 40 |
| Stjörnur — heimkynni lífsins .....  | " | 42 |
| Stjörnumerki .....                  | " | 27 |
| Vetrarbrautahvirfing .....          | " | 46 |

### ÝMISLEGT:

|                                   |   |    |
|-----------------------------------|---|----|
| Til lesenda Lífgeisla. I. A. .... | " | 71 |
|-----------------------------------|---|----|